



Eyjafjarðarsveit

Aðalskipulagbreyting Eyjafjarðarsveit

Efnistaka í Hvammi

Umhverfissýrsla



VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

Maí 2008



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
SAMANTEKT	3
1.0 INNGANGUR	4
1.1 <i>Kynning og samráð</i>	<i>4</i>
2.0 FYRIRHUGAÐAR SKIPULAGSBREYTINGAR.....	4
3.0 AÐRIR KOSTIR - NÚLLKOSTUR.....	5
4.0 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ.....	5
5.0 UMHVERFISMAT	6
5.1 <i>Aðferðir</i>	<i>6</i>
5.1.1 <i>Áhrifaþættir</i>	<i>6</i>
5.1.2 <i>Umhverfisþættir</i>	<i>6</i>
5.1.3 <i>Umhverfisviðmið</i>	<i>7</i>
5.2 <i>Umhverfisáhrif</i>	<i>8</i>
5.2.1 <i>Andrúmsloft og veðurfar</i>	<i>9</i>
5.2.2 <i>Vatn og sjór</i>	<i>9</i>
5.2.3 <i>Land</i>	<i>9</i>
5.2.4 <i>Vistkerfi</i>	<i>9</i>
5.2.5 <i>Heilsa og öryggi</i>	<i>10</i>
5.2.6 <i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	<i>11</i>
5.2.7 <i>Náttúru- og menningarminjar</i>	<i>11</i>
5.2.8 <i>Landslag.....</i>	<i>12</i>
6.0 NIÐURSTAÐA.....	12
7.0 VÖKTUN.....	12



SAMANTEKT

- Umhverfisskýrsla þessi er liður í umhverfismati breytinga á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Breytingin felur í sér framkvæmd sem fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, lög nr. 106/2000 og því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
- Umhverfismat áætlunarinnar snýr að breyttri landnotkun. Fyrirhugað er að breyta 3 ha landbúnaðarsvæði í efnistökusvæði í landi Hvamms. Einnig verður gerður vegkafli að efnistökusvæði
- Þessar breytingar stangast ekki á við helstu stefnumið núverandi aðalskipulags Eyjafjarðar 2005-2025.
- Framkvæmdin mun auka framboð á efni til framkvæmda í Eyjafirði. Álitið er að svæðið henti vel til starfsemi sem þessarar bæði vegna staðsetningar, landslags og áskýndar. Auðvelt verður að ganga þannig frá efnistökusvæðinu að það falli vel að landslagsheild svæðisins. Því er það mat framkvæmdaraðila að neikvæð áhrif séu ekki umtalsverð og áhrif framkvæmdarinnar með styttri veglengdum og minni akstri vörubíla séu talsverð jákvæð.
- Heildaráhrif framkvæmdarinnar er því talin óveruleg.



1.0 INNGANGUR

Umhverfisskýrsla þessi er liður í umhverfismati breytinga á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Breytingin felur í sér framkvæmd sem fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, lög nr. 106/2000 og því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Umhverfismat áætlunarinnar snýr að breyttri landnotkun. Fyrirhugað er að breyta 3 ha landbúnaðarsvæði í efnistökusvæði í landi Hvamms. Einnig verður gerður vegkaflí að efnistökusvæðinu.

Umhverfisskýrslan fjallar um áhrif aðalskipulagsbreytinga á skilgreinda umhverfisþætti og tengsl og samræmi við aðrar áætlanir. Tilgangur skipulagsbreytingarinnar er að mæta þörf fyrir efnistöku fyrir lengingu Akureyrarflugvallar og öðrum framkvæmdum í Eyjafirði. En Hvammur er sá bær sem styst er frá Akureyri og Akureyrarflugvelli þar sem norðurmörk sveitafélagsins er einmitt landamörk Hvamms að Akureyri. Mikilvægt er að hafa aðgang að efnistökusvæði sem næst framkvæmdasvæði, vegna mikils kostnaðar við flutning efnis langar vegalengdir og mengunarsjónarmiða.

1.1 *Kynning og samráð*

Samráð vegna breytinga á aðalskipulagi og umhverfismati þessu var haft við Skipulagsstofnun með gerð matslýsingar sem send var stofnuninni í byrjun apríl 2008. Einnig var haft samráð við eftirfarandi aðila sem fengu gögn til umsagnar:

- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfisstofnun
- Vegagerð ríkisins
- Veiðimálastofnun

Skipulagsstofnun lagði til nokkrar athugasemdir við matslýsingu er varðar útfærslu þessarar umhverfisskýrslu. Aðrir umsagnaraðilar gerðu ekki athugasemdir varðandi fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi, einungis var um almennar ábendingar að ræða og mun framkvæmdaraðili taka þær til greina.

2.0 FYRIRHUGAÐAR SKIPULAGSBREYTINGAR

Umfjöllun þessarar umhverfisskýrslu tengis fyrst og fremst eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

- Breytt landnotkun þar sem 3 ha landbúnaðarsvæði er breytt í efnistökusvæði.
- Vegskafli, 425 m langur frá heimreið Hvamms að vegi nærri efnistökusvæði.



3.0 AÐRIR KOSTIR - NÚLLKOSTUR

Núllkostur felur í sér að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar verður ekki breytt með þeim hætti sem lýst hefur verið hér að framan, það er að 3 ha landbúnaðarsvæði verði breytt í efnistökusvæði og að ekki verði lagður vegslóði af efnistökusvæði.

Það er ekki annað að sjá en Akureyrarbær hafi þegar slegið út af borðinu alla möguleika á að taka efni t.d. vegna flugvallarins á Leirunum/óshólmasvæðinu, að minnsta kosti til skamms tíma. Einnig má benda á að nú stendur yfir líffræðileg úttekt á Eyjafjarðará, m.a. með tilliti til efnistöku, og liggja niðurstöður hennar ennþá ekki fyrir.

Þá eru nær allir aðrir kostir sem koma til greina, nema Leirurnar/óshólmasvæðið í mun lengri fjarlægð frá flugvellingum og/eða Akureyri. Nýting þeirra efnistökuastaða hefur í för með sér lengri akstursleiðir og þar af leiðandi meiri óþægindi, mengun og kostnað.

4.0 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Eftirfarandi breytingar kalla á breytingar á skipulögum sem í gildi eru í dag fyrir svæðið. Ekki eru um neinar stefnubreytingar að ræða enda stunduð efnistaka víða í Eyjafirði. Breytingar verða á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 ásamt Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 en þessi skýrsla er liður í breytingu á aðalskipulaginu. Deiliskipulag verður unnið fyrir svæðið og haft verður hliðsjón af umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Engin stefnumótun er í svæðisskipulagi Eyjafjarðar varðandi efnistökusvæði á Eyjafjarðarsvæðinu. Heldur að unnið sé eftir lögum og reglum ásamt að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi sem stuðli að jafnvægi í náttúrunni. Svæðisskipulagið tekur helst á flokkun efnistökusvæða:

- I. Verður tekin úr notkun.
- II. Lítil, víkjandi náma; 10 til 25.000 rúmmetrar.
- III. Meðalstór náma; 25-100.000 rúmmetrar.
- IV. Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.
- V. Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar eða umhverfismatsskyld af öðrum orsökum.

Námur sem flokkast stórar eins og sú sem til umræðu er hér og mjög stórar þarf að sýna á skipulagsupprætti svæðisskipulagsins.

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Þessi skýrsla fjallar um breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Breytingar stangast ekki á við stefnumið núverandi aðalskipulagsins. Umhverfissjónarmið eru eitt af megin markmiðum aðalskipulagsins. Í því ljósi hefur sveitarfélagið samþykkt efnistöku í landi Hvamms en um þá þætti verður fjallað síðar.



Umhverfisstefna Eyjafjarðarsveita, samþykkt 28.maí 1997

Í umhverfisstefnunni segir um efnistökuástandi: „*Eigendum malarnáma og annarra efnistökuástanda verðir gert skylt að ganga snyrtilega um námurnar og loka þeim á viðunandi hátt að notkun lokinni, þ.e. að ýta yfir og sá í sárið*“.

Deiliskipulag

Deiliskipulagsbreyting er unnin samhliða aðalskipulagsbreytingum. Þeir þættir sem verða útistandandi og eiga heima í deiliskipulagi verða birtir í greinagerð á deiliskipulagsupprætti.

Tilkynningarskýrsla

Samhliða skipulagsbreytingum verður unnið að tilkynningarskyldu varðandi framkvæmdina sem fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, lög nr. 106/2000.

5.0 UMHVERFISMAT

Umhverfismat þetta fyrir breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 var unnið í samræmi við matslýsingu. Matslýsingin var send Skipulagsstofnun 3. apríl 2008 og kom stofnunin með nokkrar ábendingar um breytingar. Umhverfismatið er unnið af Verkfræðistofu Suðurnesja í samvinnu við Eyjafjarðarsveit og landeigendur.

5.1 Aðferðir

Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats breytinga á aðalskipulaginu. Stuðst verður við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfisins. Hér á eftir er greint frá umfangi matsins og þeim áhrifa- og umhverfisþáttum sem lagðir verða til grundvallar umhverfismatinu. Einnig er greint frá þeim viðmiðum sem verða notuð sem mælikvarði á áhrif breytinga á aðalskipulagi á viðkomandi umhverfisþætti.

5.1.1 Áhrifaþættir

Þeir þættir sem taldir eru geta valdið breyttum eða frekari umhverfisáhrifum í kjölfar breytinga á aðalskipulaginu eru eftirfarandi:

Efnistaka er sá þáttur sem veldur mestum umhverfisáhrifum. Fyrirsjáanlegt er að efnistaka valdi því að gróður og lífverur á svæðinu verða fjarlægðar. Efnistakan veldur því einnig að landslag og ásýnd breytist.

Veglagning getur haft áhrif á gróin svæði, sjónræn áhrif og landslag. Umferð vinnuvéla hefur líklega áhrif á hávaða, útblástur og hættu á mengunarslysum.

5.1.2 Umhverfisþættir

Í umhverfismati þessu verður notast við þá átta umhverfisþætti sem fram koma í leiðbeiningarrit Skipulagsstofnunar, dags. desember 2005, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsu og öryggi, hagræna og félagslega þætti, náttúru- og menningarminjar og landslag. Lagt er huglægt mat á þá þætti sem eiga við hverja áætlun en öðrum sleppt.



5.1.3 Umhverfisviðmið

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru nokkurs konar mælikvarði eða vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi áhrifa sem breytingar á aðalskipulaginu hafa í för með sér.

Stefna	Umhverfisvið
Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br.	Viðmið lögð til grundvallar eru að finna í 33. og 37. gr laga um náttúruvernd er varða að samráð skuli haft við Umhverfisstofnun við gerð skipulagsáætla og athugun á því hvort um sérstakar jarðmyndanir eða vistkerfi á svæðinu sé að ræða.
Lög um umhverfimat áætla nr. 105/2006	Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neiðkvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Með þessari umhverfisskýrslu er unnið að þeim markmiðum með því að fylgja lögum þessum.
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br.	Markmið laganna eru höfð að leiðarljósi en eina helst má nefna 6. gr er varðar framkvæmdir sem falla undir 2. viðauka laganna.
Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997	Markmið laganna eru höfð að leiðarljósi en eina helst má nefna 27 gr. er varðar Framkvæmdaleyfi: Meiri háttar farmkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Þessi grein endurspeglar þá vinnu sem stendur nú yfir m.a. með þessari skýrslu.
Þjóðminjalög nr. 107/2001	Markmið laganna eru höfð að leiðarljósi en einna helst má benda á þau viðmið er finna má í 11. gr laganna: Skyld er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna. Þar sem ekki eru fornleifar á svæðinu verður 13. gr. laganna höfð til hliðsjónar: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.
Reglugerð um loftgæði nr. 797/1999	Við mat á hugsanlegri loftmengun er tekið tillit til reglugerðar um loftgæði. Markmið laganna er að draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á umhverfi og fólk. Helstu viðmið eru 5. og 6. gr. laganna. 5. gr: Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengduðu lofti. Í ákvæðum starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun og beita skal til þess bestu fánlegu tækni. Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar. Ráðstafanir til þess að draga úr loftmengun 6. gr.: Fari loftmengun yfir umhverfismörk samkvæmt einstökum reglugerðum þar að lútandi eða ef hætta er á slíku skal Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi heilbrigðisnefnd eftir því sem við á gera ráðstafanir til að dragið verði úr loftmengun og umhverfismörkin virt. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma fari mengun verulega yfir gildandi umhverfismörk, t.d. vegna ófyrirséðra atvika eða ef óþæginda gætir af völdum annarra mengandi efna en þeirra sem sérstakar reglur gilda um. Heimild þessi gengur framur ákvæðum IX. kafla reglugerðar um mengunarnaefirlit.
Reglugerð um hávaða nr. 44/1999	Við mat á áhrifum efnistökkunnar sjálftrar á hljóðvist er fyrst og fremst miðað við fjarlægð efnistökusvæðis og vegkafla frá bæjarhúsum að Hvammi og Vöglum. Mat á áhrifum hljóðstígs byggir á gildandi reglugerð um hávaða nr. 933/1999.
Reglugerð um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti nr. 817/2002	Vegna fallryks á fólk verður farið eftir reglugerð 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti.
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999	Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Reglugerðin gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn.
Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025	Viðmið hér má finna í kafla 2.1.5. er varða efnistöku í Aðalskipulagi Eyjafjarðar 2005-2025. Þar sem m.a. að efnisvinnsla á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum og hagkvæmni. Framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir sem taki til stærðar, efnismagns, vinnslutíma, eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni og svo frv.



Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018	Engin stefnumótun er í svæðisskipulagi Eyjafjarðar varðandi efnistökusvæði á Eyjafjarðarsvæðinu. Heldur að unnið sé eftir lögum og reglum sem falla undir efnistöku, ásamt að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi sem stuðli að jafnvægi í náttúrunni.
Náttúruverndaráætlun,	Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar
Staðardagskrá 21	Sérstaklega m.t.t. markmiða í staðardagskrá
Náttúruminjakrá	Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar á Noðurlandi eystra
Umhverfisstefna Eyjafjarðarsveitar	Viðmið varðandi efnistöku segir m.a.: Eigendum malarnáma og annarra efnistökuastaða verðir gert skylt að ganga snyrtilega um námurnar og loka þeim á viðunandi hátt að notkun lokinni, þ.e. að ýta yfir og sá í sárið.

Tafla 1. Umhverfisviðmið og atriði lögð til grundvallar matinu

5.1.4 Einkenni og vægi áhrifa

Skipulagsstofnun hefur gefið úr leiðbeiningar varaði flokkun umhverfisáhrifa, viðmið, einkenni og vægi. Ákveðið hefur verið að nota þær skilgreiningar sem fram koma í töflu 2 hér að neðan.

Vægi áhrifa	Merki	Lýsing
Jákvæð	+	Stefna skipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Óveruleg	0	Stefna skipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Neikvæð	-	Stefna skipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

Tafla 2. Vægi og einkenni

5.2 Umhverfisáhrif

Byggt á fyrirliggjandi gögnum, var lagt mat á það hvort áhrif vegna aðalskipulagbreytinga væru jákvæð, neikvæð eða óveruleg. Tafla 2 hér að neðan sýnir áhrif breytinga

Umhverfisþættir	Umhverfisáhrif breytinganna	Mótvægisaðgerðir / áhrif mótvægisaðgerða.
Andrúmsloft og veðurfar	0	Útplöntun / +
Vatn og sjór	0	
Land	0	
Vistkerfi	-	
Heilsa og öryggi	0	Lagning stíga í landi Hvamms, stækkun á útivistarsvæði / +
Hagrænir og félagslegir þættir	0	
Náttúru- og menningarminjar	0	
Landslag	-	

Tafla 3. Venslatafla umhverfisáhrifa



5.2.1 Andrúmsloft og veðurfar

Við mat á hugsanlegri loftmengun er tekið tillit til reglugerðar um loftgæði. Markmið laganna er að draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á umhverfi og fólk. Vegna fallryks á fólk verður farið eftir reglugerð 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti.

Útblástur verður frá vinnuvélum á efnistökusvæðinu. Jafnframt losna lofttegundir við notkun sprengiefnis. Útblástur vinnuvéla er sama eðlis og annarra véla og faratækja sem ganga fyrir olíu. Staðbundin áhrif útblásturs er talin hverfandi. Ólíklegt þykir að rykmengun valdi ónæði en þegar þurrt er í veðri þar sem vegir sem fyrirhugað er að nota undir flutnings á efni verða ekki með bundnu slitlagi. Geta áhrif af rykmengun frá efnisflutningum verið einhver en fyrst og fremst sjónræns eðlis. Talið er að áhrif á loftgæði, m.a. af völdum ryks verði óveruleg.

5.2.2 Vatn og sjór

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Reglugerðin gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn.

Grunnflokkun vatnssvæða sem falla undir þennan flokk eru: yfirborðsvatn, grunnvatn og sjór/strandsvæði. Fyrirhugað efnistökusvæði er í tæplega 670 m fjarlægð frá Eyjafjarðará. Langt er í grunnvatnssvæði og sjó. Mögulegir mengunarvaldar vatns eru fyrst og fremst olíuslys ef olía læki út og hefði áhrif á grunnvatn seinna meir. Vinnuvélum verður vel viðhaldið til að draga úr líkum á mengunarslysi. Farið verður eftir leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Áhrif framkvæmda hefur óveruleg áhrif á vatnsvernd.

5.2.3 Land

Margir mælikvarðar eru á gildi land, umhverfisvísar sem hægt er leggja til eru verndargildi lands, gildi á svæðisvísu eða á tilteknum stað. Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um svæði sem hafa verið friðuð vegna jarðmyndanna og einnig í 37 gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999 eru talað um jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar.

Eyjafjarðarsvæðið er allt á svokölluðu vestara blágrýtissvæði, en það nær frá Bárðardal og til suðvestur að Reykjanesskaga. Þetta svæði er hlaðið upp af hraunlögum sem runnið hafa á tertíertíma fyrir 3 til 15 milljónum ára. Klettar eins og eru á námasvæði eru ríkjandi jarðvegsgerðir ofarlega í landi í Eyjafirði. Þar sem þetta er dæmigerð jarðmyndun á stórum hluta landsins, er ekki talið um sérstæða jarðfræði að ræða. Áhrif eru því talin óveruleg á land.

5.2.4 Vistkerfi

Varðandi upplýsingar um vistkerfi á því svæði sem ætlað er undir efnistöku og veg er stuðst við kannanir sem höfundur skýrslu þessarar hefur farið um svæðið. Tekið er mið að lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og atriðum sem falla undir náttúruminjaskrá.



Á norður hlið holtsins er uppvaxandi skógur sem plantað hefur verið á síðustu 10 – 20 árum. Skógurinn er í einkaeign og ekki hluti af skóræktarbundnu svæði en slíkt svæði er um 75 ha í landi Hvamms. Einungis er um lítið svæði að ræða og verða flestar þær plöntur færðar til og notaðar í frágang síðar. Þær tegundir sem fyrir eru á svæði eru um 90% Lerkitré og afgangur Furutré. Grashula er víða á holtinu og virðist eins og grasið sæki fram af vaxandi hraða ofan á flötum klöppunum eftir að svæðið var friðað fyrir beit.

Ekki er berjaland á þessu svæði sem heitið getur. Gróðurfar er að öðru leiti hefðbundið miðað við nýtingu landsins, á því svæði sem ekki hefur verið lagt undir tún.

Helsti undirflokkur vistkerfis sem skoða er hér er líf á landi. Þá er aðallega verið að tala um tegundir plantna og dýra. Framkvæmdin mun hafa í för með sér neikvæð áhrif á gróður á því svæði sem efnistakan og veglagning fer fram á. Tré sem hugsanlega verða fyrir raski verða færð og notuð aftur í frágang síðar meir. Tímabundin áhrif verða þó að mestu um að ræða þar til frágangi lýkur. Með þessu raski minnkar einnig búsvæði lífvera og þ.m.t. fugla en áhrif verða engu að síður að teljast óveruleg á fuglalíf.

Beitt verður mótvægisáðgerðum vegna rasks á gróðri. Gert er ráð fyrir að planta á næstu þremur árum skógarplöntum í jafnstórt svæði og námasvæðið verður. Þessi útplöntun er ekki í tengslum við Norðurlandsskóga og ekki heldur hluti af lokun og frágangi námasvæðisins. Þetta er mótvægisáðgerð vegna vegalagningarinnar og þess rasks sem verður á þeim tíma sem námasvæðið er opið og ófrágengið. Það land sem gert er ráð fyrir að planta í trjám, til þess að vega á móti svæðinu sem fer undir grjótnám, er sem hér segir:

- a) Við Litla-Hvamm ca. 1,0 ha
- b) Við íbúðarhúsin í Hvammi, meðfram væntanlegum vegi að námunni ca. 0,5 ha
- c) Innan núverandi skógræktargirðingar í Hvammi, efst ca. 2,5 ha
- d) Innan núverandi skógræktargirðingar í Hvammi, við Vaglamerkin ca. 0,6 ha

5.2.5 Heilsa og öryggi

Ekki liggja fyrir upplýsingar um umferðarforsendur. Við mat á áhrifum efnistökkunnar sjálfrar á hljóðvist er fyrst og fremst miðað við fjarlægð efnistökkusvæðis og vegkafla frá bæjarhúsum að Hvammi og Vöglum. Mat á áhrifum hljóðstigs byggir á gildandi reglugerð um hávaða nr. 933/1999.

Hljóðvist

Bæjarhús að Vöglum og Hvammi eru um 400 m í beinni loftlínu frá efnistökkusvæði. Náman mun opnast til norðaustur á holtinu og skýla þannig Vöglum fyrir hljóði frá efnisvinnslu. Það mun vera Nónklöppin, klöppin sem gnæfir fyrir suðvestan bæjarstæðið sem mun skýla og deyfa hljóð frá efnisvinnslu og vinnuvélum á svæðinu að Hvammi. Einnig eru bæjarhúsin í Hvammi mun neðar í landi og hljóð mun því síður berast að þeim.



Ný aðkomuvegur vegna efnistöku mun liggja næst bæjarhúsum í Hvammi í um 50 m fjarlægð. Ef svæðið verður nýtt til fulls þá má gera ráð fyrir að farið verði í um 15.000 ferðir frá svæðinu gefið að hver vörubíl taki um 10 m³ í ferð. Þar sem ferðir munu einungis vera að jafnað frá kl 08-18 og fjöldi ferða vörubíla aldrei meiri en 100 á dag ásamt að hraði vörubíla verði aldrei meiri en 60 km/klst á vegi næst bæjarhúsum í hvammi er ekki talið nauðsynlegt að gera rannsóknir á hljóðvist. Áhrif á hljóðvist eru talin óveruleg.

Umferðaröryggi

Helstu samfélagslegu viðfangsefni eru þeir kostir að ekki verði sótt efni lengra inn í sveitina heldur en að Hvammi sem hefur landamörk að sveitarfélagsmörkum að Akureyri. Í bréfi sveitastjóra Eyjafjarðar dags 31.janúar 2008 má búast við að sparist um 300.000 km akstur á vegum sveitafélagsins. Miðað við þá vegalengd þarf ekki að „brenna“ 150 tonnum af eldsneyti. Losnað verður við 10-11.000 ferðir með efni af vegum sveitarfélagsins. Ef aðeins er horft til framkvæmda við flugvöllinn þá er hægt að nýta gamla þjóðveginn frá Hvammi að flugvallarstæðinu og þá þarf ekki að flytja neitt efni eftir þjóðvegi 821. Með því að opna þessa námu, og nýta hana síðan í 20 – 25 ár þá má, á því tímabili, einnig draga verulega úr umferð þungaflytningabifreiða um vegakerfið í Eyjafjarðarsveit. Áhrif verða óveruleg á umferðaröryggi. En ef skoðaðir eru aðrir kostir í sveitinni þar sem fara þarf lengri vegalengdir er talið að um frekar jákvæð áhrif á samfélag sé um að ræða.

5.2.6 Hagrænir- og félagslegir þættir

Viðmið við mat á umhverfisáhrifum er hvort framkvæmd kann hafa bein eða óbein áhrif á útivist tengda henni.

Ekki er nein íbúðarbyggð í næsta nágrenni önnur en bæjarhús í Hvammi og að Vöglum. Í nágrenni við framkvæmdarsvæðið er stundaður landbúnaður. Talið er að áhrif á landbúnaður verði óveruleg.

Útivist

Þegar hefur verið gert munnlegt samkomulag við framkvæmdarstjóra Skógræktarfélags Eyfirðinga um heimild til þess að leggja skógarstíg í Hvammsskóginum og tengja þá við stíga útivistarsvæðisins í Kjarnaskógi. Það má sjá fyrir sér að 10-15 árum eftir að námunni hefur verið lokað opnast möguleiki á hafa í „námunni“ öðruvísi útivistarsvæði. Áhrif á útivist mun til lengri tíma verða jákvæð.

5.2.7 Náttúru- og menningarminjar

Viðmið vegna þessarar þáttar verður stuðst við náttúruminjasrá og náttúruverndar áætlun.

Ekki eru nein merki um manngerð hús eða annað tengt búsetu fyrr á tímum á fyrirhuguðu námasvæði eða á þeirri leið þar sem aðkomuvegur kemur til með að liggja. Skv. aðalskipulagi Eyjafjarðar 2005-2025 samþykkt í 22. nóvember 2007 eru engar fornleifar né náttúrminjar í landi Hvamms. Ekkert er að finna í náttúruminjar eða aðrar minjar í náttúruminjasrá eða náttúruverndaráætlun á svæðinu. Samkvæmt umsögn forleifaverndar sem fór yfir svæði 9. maí



síðastliðin fundust leifar vörðu ásamt lítilfjörlegri grjóthleðslu. Hvorutveggja var ljósmyndað og staðsett með GPS tæki. Frekari rannsóknir á þessum minjum er ekki nauðsynlega skv. Fornleifavernd og gera þeir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

5.2.8 Landslag

Margir mælikvarðar eru á gildi landslags, umhverfisvísar sem hægt er leggja til eru verndargildi landslags, gildi á svæðisvísu eða á tilteknum stað. Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um svæði sem hafa verið friðuð vegna landslags og er umrædd svæði ekki í skránni.

Áhrif verða á landslag þar sem 3 ha svæði verður breytt og lækkað að mestu um 5 m ef svæðið verður fullnýtt. Staðsetning svæðisins mun valda því að ásynd efnistökusvæðisins verði mjög lítil. Frá þjóðvegi 821 þá sést hún lítt út austri, að suðaustan og sunnan blasir hún ekki við og hún er heldur ekki mjög áberandi þegar horft er ofan úr fjalli, þ.e. úr vestri og norðvestri. Námasvæðið mun opnast til norðausturs, en þar er gert ráð fyrir að það opnast á tiltölulega afmörkuðu svæði, þar er líka að vaxa upp skógur sem kemur til með að skýla námunni. Landslaginu við fyrirhugaðan veg hefur verið raskað áður. Sýnileiki vegar verður einhver en fyrirhugað er að planta trjám til að minnka sýnileika og einnig er gert ráð fyrir að vegkantur verði fljóttur að gróa upp og því mun sýnileikin í landslaginu hverfa fljótt. Framkvæmdaraðili álítur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á ásynd en neikvæð á landslag á því svæði sem efnistakan fer fram á.

6.0 NIÐURSTAÐA

Framkvæmdin mun auka framboð á efni til framkvæmda á Akureyri og við lengingu Akureyrarflugvallar. Álitid er að svæðið henti vel til starfsemi sem þessarar bæði vegna staðsetningar, landslags og ásyndar. Auðvelt verður að ganga þannig frá efnistökusvæðinu að það falli vel að landslagsheild svæðisins. Því er það mat framkvæmdaraðila að neikvæð áhrif séu ekki umtalsverð og áhrif framkvæmdarinnar með styttri veglengdum og minni akstri vörubíla séu talsverð jákvæð. Heildaráhrif framkvæmdarinnar er því talin óveruleg.

7.0 VÖKTUN

Vegna breytinga á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er ekki talin þörf á vöktun umhverfisþátta.